

## REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 69/2009

2010/EES/54/09

frá 23. janúar 2009

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1126/2008 um innleiðingu tiltekinna, alþjóðlegra reiknings-skilastaðla í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 að því er varðar breytingar á alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS-staðli) 1 og alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IAS-staðli) 27 (\*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

samtæðu með því að stofna nýja ciningu sem móðurfélag sitt og það nýja móðurfélag fær yfirráð yfir upphaflega móðurfélaginu með því að gefa út eiginfjárgerninga í skiptum fyrir eiginfjárgerninga upphaflegs móðurfélags.

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 frá 19. júlí 2002 um beitingu alþjóðlegra reikningsskilastaðla <sup>(1)</sup>, einkum 1. mgr. 3. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1126/2008 <sup>(2)</sup> voru samþykktir tilteknir alþjóðlegir staðlar og túlkningar sem voru fyrir hendi 15. október 2008.
- 2) Í maí 2008 birti Alþjóðareikningsskilaráðið (IASB) breytingar á IFRS-staðli 1, *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, og IAS-staðli 27, *Samstæðu-reikningsskil og aðgreind reikningsskil*. „Kostnaðarverð fjárfestingar í dótturfélagi, rekstrareiningu, sem lýtur sameiginlegri stjórn, eða hlutdeildarfélagi“, hér á eftir nefndar „breytingar á IFRS-staðli 1 og IAS-staðli 27“. Breytingarnar eru eftirfarandi: Heimila skal notanda, sem beittir stöðlunum í fyrsta sinn í aðgreindum reikningsskilum sínum, að nota sem áætlað kostnaðarverð fjárfestingar í dótturfélagi, rekstrareiningu, sem lýtur sameiginlegri stjórn, eða hlutdeildarfélagi annaðhvort gangvirdi fjárfestingar á þeim degi sem notandi skiptir yfir í alþjóðlegan reikningsskilastaðal eða fyrra bókfært verð fjárfestingar á þeim degi samkvæmt góðri reikningsskilavenju (GAAP). Skilgreining á „kostnaðarverðsaðferð“ fellur brott úr IAS-staðli 27 þannig að fjárfestir verður að færa allan arð frá dótturfélögum, sameiginlegum rekstrareiningum eða samstarfs-fyrirtækjum sem tekjur, jafnvel þótt arðurinn sé greiddur úr sjóðum sem voru til fyrir yfirtöku. Með breytingunum á IAS-staðli 27 er skýrt nánar hvernig ákvarða skal kostnaðarverð fjárfestingar samkvæmt IAS-staðli 27 þegar móðurfélag endurskipuleggur rekstraruppyggingu

- 3) Með samráði við sérfræðingahóp (TEG) Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) er það staðfest að breytingarnar á IFRS-staðli 1 og IAS-staðli 27 uppfylli tæknileg skilyrði fyrir innleiðingu sem eru sett fram í 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1606/2002. Endurskoðunarhópurinn um ráðgjöf um reikningsskilastaðla lagði mat á álit Evrópsku ráðgjafarnefndarinnar um reikningsskil (EFRAG) um stuðning við staðlana, í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2006/505/EB frá 14. júlí 2006 um skipun endurskoðunarhóps um ráðgjöf um reikningsskilastaðla til að ráðleggja framkvæmdastjórninni um hlutlægni og hlutleysi álita EFRAG <sup>(3)</sup>, og tilkynnti framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna að álitid væri skynsamlegt og hlutlægt.

- 4) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1126/2008 til samræmis við það.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit stýringsnefndarinnar um reikningsskil.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðauka við reglugerð (EB) nr. 1126/2008 er breytt sem hér segir:

1. Alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS-staðli) 1, *Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.
2. Alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IAS-staðli) 27, *Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil*, er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

(\*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtið. ESB L 21, 24.1.2009, bls.11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegru EES-nefndarinnar nr. 74/2009 frá 29. maí 2009 um breytingu á XXII. viðauka (Félagaréttur) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbætur við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 47, 3.9.2009, bls. 41.

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. ESB L 320, 29.11.2008, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. ESB L 199, 21.7.2006, bls. 33.

3. IAS-staðli 18, IAS-staðli 21 og IAS-staðli 36 er breytt í samræmi við breytingarnar á IAS-staðli 27, eins og sett er fram í viðaukanum við þessa reglugerð,

2. gr.

Félög skulu beita breytingunum á IFRS-staðli 1 og IAS-staðli 27, eins og þær eru settar fram í viðaukanum við þessa

reglugerð, eigi síðar en frá og með upphafsdagsetningu fyrsta fjárhagsárs þeirra sem hefst eftir 31. desember 2008.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. janúar 2009.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Charlie McCREEVY

*framkvæmdastjóri.*

## VIÐAUKI

## ALÞJÓÐLEGIR REIKNINGSSKILASTADLAR

IFRS-staðall 1 og IAS-staðall 27	Breytingar á IFRS-staðli 1, <i>Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla</i> , og IAS-staðli 27, <i>Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil</i> — „Kostnaðarverð fjárfestingar í dótturfélagi, rekstrarciningu, sem lýtur samciginlegri stjórn, eða hlutdeildarfélagi“
----------------------------------	--

BREYTINGAR Á IFRS-STADLI 1, INNLEIÐING ALÞJÓÐLEGRA REIKNINGSSKILASTAÐLA, OG IAS-STADLI 27, SAMSTÆÐUREIKNINGSSKIL OG AÐGREIND REIKNINGSSKIL

KOSTNAÐARVERÐ FJÁRFESTINGAR Í DÓTTURFÉLAGI, REKSTRAREININGU, SEM LÝTUR SAMEIGINLEGRI STJÓRN, EÐA HLUTDEILDARFÉLAGI

Breytingar á IFRS-staðli 1

*Innleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*

Á eftir 13. lið (e) er lið 13(ea) bætt við. Á eftir 23. lið er nýrri fyrirsögn og lið 23A og 23B bætt við. Liðum 25A og 34C er breytt. Á eftir 44. lið er nýrri fyrirsögn og lið 44A bætt við. Á eftir lið 47J er lið 47K bætt við.

FÆRSLA OG MAT

Undanþágur frá öðrum IFRS-stöðlum

13 Eining getur kosið að nota eina eða fleiri af eftirfarandi undanþágum:

a) ...

(ea) fjárfestingar í dótturfélögum, rekstrareiningar, sem lúta sameiginlegri stjórn, og hlutdeildarfélög (liður 23A og 23B),

f) ...

*Fjárfestingar í dótturfélögum, rekstrareiningum, sem lúta sameiginlegri stjórn, og hlutdeildarfélögum*

23A Þegar eining gerir aðgreind reikningsskil skal hún samkvæmt IAS-staðli 27, *samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil*, færa fjárfestingar sínar í dótturfélögum, rekstrareiningum, sem lúta sameiginlegri stjórn, og samstarfsfyrirtækjum annaðhvort:

a) á kostnaðarverði eða,

b) í samræmi við IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*.

23B Ef notandi, sem beitir alþjóðlegum reikningsskilastaðli í fyrsta sinn, metur slíka fjárfestingu á kostnaðarverði í samræmi við a-lið liðar 23A skal hann meta þá fjárfestingu í samræmi við eina af eftirfarandi fjárhæðum í aðgreindum upphaflegum efnahagsreikningi samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS):

a) fjárhæðina, sem er ákvörðuð í samræmi við IAS-staðal 27, eða

b) áætlaðan kostnað. Áætlaður kostnaður slíkrar fjárfestingar skal vera:

i. gangvirði (ákvarðað í samræmi við IAS-staðal 39) þann dag sem einingin skiptir yfir í alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS) í aðgreindum reikningsskilum sínum eða

ii. fyrra bókfært verð samkvæmt góðri reikningsskilavenju á þeim degi.

Notandi, sem beitir alþjóðlegum reikningsskilastaðli (IFRS) í fyrsta sinn, getur valið fjárhæðina í i. eða ii. lið hér að framan til að meta fjárfestingu sína í hverju dótturfélagi, rekstrareiningu, sem lýtur sameiginlegri stjórn, eða hlutdeildarfélagi sem hann kys að meta samkvæmt áætluðum kostnaði.

*Tilgreining á áður færðum fjármálagerningum*

25A Samkvæmt IAS-staðli 39 er heimilt ...

**Undanþágur frá afturvirkri beitingu annarra IFRS-staðla**

*Hlutur sem ekki er ráðandi*

34C Notandi, sem beitir alþjóðlegum reikningsskilastaðli í fyrsta sinn, skal beita eftirfarandi kröfum IAS-staðals 27 (eins og honum var breytt 2008) ...

FRAMSETNING OG UPPLÝSINGAR

**Notkun áætlaðs kostnaðarverðs vegna fjárfestinga í dótturfélögum, rekstrareiningum, sem lúta sameiginlegri stjórn, eða hlutdeildarfélögum**

44A Eins er ef eining notar áætlaðan kostnað í upphaflegum efnahagsreikningi, í samræmi við alþjóðlegan reikningsskilastaðal (IFRS), vegna fjárfestinga í dótturfélagi, rekstrareiningu, sem lýtur sameiginlegri stjórn, eða hlutdeildarfélagi í aðgreindum reikningsskilum sínum (sjá lið 23B) skal í fyrstu aðgreindu reikningsskilunum upplýsa um:

a) samanlagðan áætlaðan kostnað við þær fjárfestingar ef sá áætlaði kostnaður er bókfært verð samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem áður var fylgt,

- b) samanlagðan áætlaðan kostnað við þær fjárfestingar ef sá áætlaði kostnaður er gangvirði og
- c) heildartölu leiðréttinga á bókfærðu verði sem greint var frá samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem áður var fylgt.

## GILDISTÖKUDAGUR

- 47K Með „Kostnaðarverði fjárfestingar í dótturfélagi, rekstrareiningu, sem lýtur sameiginlegri stjórn, eða hlutdeildarfélagi“ (breytingar á IFRS-staðli 1 og IAS-staðli 27), sem kom út í maí 2008, bættust við ea-liður í 13. lið og liðir 23A, 23B og 44A. Eining skal beita þessum liðum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Heimilt er að taka liðina upp fyrr. Ef eining beitir liðunum að því er varðar fyrra tímabil skal greina frá því.

## Breytingar á IAS-staðli 27

*Samstæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil (eins og honum var breytt með endurbótum á alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) í maí 2008)*

*Í 4. lið er tilvísunin í „kostnaðarverðsaðferð“, felld brott. Á eftir 38. lið er liðum 38A-38C bætt við. Á eftir lið 45A er lið 45B og 45C bætt við.*

## SKILGREININGAR

[Tilvísunin í „kostnaðarverðsaðferð“ fellur brott.]

## FÆRSLA FJÁRFESTINGA Í DÓTTURFÉLÖGUM, EININGUM SEM LÚTA SAMEIGINLEGRI STJÓRN OG HLUTDEILDARFÉLÖGUM Í AÐGREINDUM REIKNINGSSKILUM

- 38A Eining skal færa arð frá dótturfélagi, rekstrareiningu, sem lýtur sameiginlegri stjórn, eða hlutdeildarfélagi í rekstrarreikning í aðgreind reikningsskil sín þegar réttur til arðgreiðslunnar stofnast.
- 38B Þegar móðurfélag endurskipuleggur uppbyggingu samstæðu sinnar með því að koma á fót nýrri einingu sem móðurfélagi og eftirfarandi viðmiðanir eru uppfylltar:
- a) nýja móðurfélagið fær yfirráð yfir gamla móðurfélaginu með því að gefa út eiginfjárgerninga í skiptum fyrir eiginfjárgerninga hins upphaflega móðurfélags,
  - b) eignir og skuldir nýju samstæðunnar og upphaflegu samstæðunnar eru þær sömu rétt fyrir og rétt eftir endurskipulagninguna og
  - c) eigendur upphaflega móðurfélagsins fyrir endurskipulagningu eiga sömu ótvíraðu og hlutfallslegu hagsmuna að gæta að því er varðar hreina eign upphaflegu samstæðunnar og nýju samstæðunnar rétt fyrir og rétt eftir endurskipulagninguna

og nýja móðurfélagið gerir grein fyrir fjárfestingum sínum í upphaflega móðurfélaginu í samræmi við a-lið 38. liðar í aðgreindum reikningsskilum sínum, skal nýja móðurfélagið meta kostnað á bókfærðu verði síns hlutar af eigin fé, sem fram kemur í aðgreindum reikningsskilum upphaflega móðurfélagsins, daginn sem endurskipulagningin fer fram.

- 38C Eins gæti eining, sem ekki er móðurfélag, komið á fót nýrri einingu sem móðurfélagi sínu, að því tilskildu að skilyrðin í lið 38B séu uppfyllt. Kröfumar í lið 38B eiga líka við um endurskipulagningu af þessu tagi. Í þeim tilvikum eiga tilvísanir í „upphaflegt móðurfélag“ og „upphaflega samstæðu“ við um „upphaflega einingu“.

## GILDISTÖKUDAGUR OG BRÁÐABIRGÐAÁKVÆÐI

- 45B Með „Kostnaðarverð fjárfestingar í dótturfélagi, rekstrareiningu, sem lýtur sameiginlegri stjórn, eða hlutdeildarfélagi“ (breytingar á IFRS-staðli 1 og IAS-staðli 27), sem kom út í maí 2008, var skilgreining á „kostnaðarverðsaðferð“ felld brott úr 4. lið og liður 38A bættist við. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Heimilt er að taka liðina upp fyrr. Ef eining beitir þessum breytingum, að því er varðar fyrra tímabil, skal greina frá því og beita jafnframt tengdum breytingum á IAS-staðli 18, IAS-staðli 21 og IAS-staðli 36.
- 45C Með „Kostnaðarverð fjárfestingar í dótturfélagi, rekstrareiningu, sem lýtur sameiginlegri stjórn, eða hlutdeildarfélagi“ (breytingar á IFRS-staðli 1 og IAS-staðli 27), sem kom út í maí 2008, bættust við liðirnir 38B og 38C. Eining skal beita þessum breytingum framvirkt að því er varðar endurskipulagningar sem eiga sér stað á árlegum tímabilum sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Heimilt er að taka liðina upp. Þessu til viðbótar getur eining kosið að beita liðum 38B og 38C afturvirkir vegna fyrri endurskipulagningar innan gildissviðs þessara liða. Ef eining hins vegar aðlagar endurskipulagningu til að vera í samræmi við lið 38B og 38C, skal aðlagja allar síðari endurskipulagningu innan gildissviðs þessara liða. Ef eining beitir breytingunum að því er varðar fyrra tímabil skal hún greina frá því.

## Viðbætur

## Breytingar á öðrum IFRS-stöðlum

Einingar skulu beita eftirfarandi breytingum á IAS-staðli 18, IAS-staðli 21 og IAS-staðli 36 þegar þær beita tengdum breytingum á 4. lið og lið 38A í IAS-staðli 27.

**IAS-staðall 18, reglulegar tekjur**

- A1 IAS-staðli 18 er breytt eins og lýst er hér á eftir.  
Ákvæðum 32. liðar er breytt og 38. lið er bætt við eins og hér segir:
- 32 Þegar ógreiddir vextir hafa safnast upp fyrir kaup á vaxtaberandi fjárfestingu er móttöku síðari vaxtagreiðslu skipt á milli tímabils fyrir kaup og tímabils eftir kaup. Aðeins skal færa hlutann eftir kaup sem reglulegar tekjur.
- 38 Með „Kostnaðarverð fjárfestingar í dótturfélagi, rekstrareiningu, sem lýtur sameiginlegri stjórn, eða samstarfsfyrirtæki“ (breytingar á IFRS-staðli 1, *Imleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla* og IAS-staðli 27, *Samtæðureikningsskil og aðgreind reikningsskil*), sem kom út í maí 2008, er 32. lið breytt. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Heimilt er að taka liðina upp fyrr. Ef eining beitir tengdum breytingum á liði 4 og 38A í IAS-staðli 27 vegna fyrria tímabils skal hún samtímis beita breytingunni í 32. lið.

**IAS-staðall 21, áhrif gengisbreytinga í erlendum gjaldmiðlum**

- A2 Í IAS-staðli 21 er 49. lið breytt sem hér segir:
- 49 Eining getur ráðstafað hlutdeild sinni í erlendum rekstri, að hluta til eða alveg, með sölu, félagsslitum, endurgreiðslu hlutafjár eða með því að leggja niður erlenda reksturinn að hluta til eða alveg. Niðurfærsla á bókfærðu verði erlends rekstrar, annaðhvort vegna eigin taps eða vegna virðisrýrnunar, sem fjárfestirinn færir, telst ekki ráðstöfun að hluta til. Til samræmis við það er enginn hluti gengishagnaðarins eða gengistapsins, sem færður er í aðra heildarafkomu, endurflokkaður í rekstrarreikning um leið og niðurfærslan á sér stað.

**IAS-staðall 36, virðisrýrnun eigna**

- A3 Í IAS-staðli 36 er fyrirsögn og undirlið h) bætt við á eftir g-lið 12. liðar. Lið 140D er bætt við á eftir lið 140C.
- 12 Við mat á því hvort vísbendingar séu um að eign kunni að hafa rýrnað að virði skal eining a.m.k. taka tillit til eftirfarandi vísbendinga:
- ...
- Arður af dótturfélagi, rekstrareiningu, sem lýtur sameiginlegri stjórn, eða samstarfsfyrirtæki
- h) vegna fjárfestingar í dótturfélagi, rekstrareiningu, sem lýtur sameiginlegri stjórn, eða samstarfsfyrirtæki skal fjárfestir færa arð af fjárfestingunni og færa sönnur á:
- i. að bókfært verð fjárfestingar í aðgreindum reikningsskilum sé hærra en bókfært verð hreinnar eignar í samtæðureikningsskilum þess félags sem fjárfest er í, þ.m.t. tengd viðskiptavild, eða
  - ii. að arðurinn sé hærri en samanlögð heildarafkoma dótturfélags, rekstrareiningar, sem lýtur sameiginlegri stjórn, eða samstarfsfyrirtækis á tímabilinu þegar arðurinn er gefinn upp.
- 140D Með „Kostnaðarverð fjárfestingar í dótturfélagi, rekstrareiningu, sem lýtur sameiginlegri stjórn, eða samstarfsfyrirtæki“ (breytingar á IFRS-staðli 1, *Imleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla*, og IAS-staðli 27), sem kom út í maí 2008, bættist h-liður við 12. lið. Eining skal beita þessari breytingu framvirkt að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2009 eða síðar. Heimilt er að taka liðina upp fyrr. Ef eining beitir tengdum breytingum á 4. lið og lið 38A í IAS-staðli 27 vegna fyrria tímabils skal einingin jafnframt beita breytingum á h-lið 12. liðar.